

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík



Reykjavík 9. maí 2017
UST201705-028/B.S.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - kerfisáætlun 2017 – 2026. Matslýsing. Umsögn

Vísað er til erindis Landsnets hf. dags. 3. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matslýsingu.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við matslýsingu.

Varðandi umhverfisþætti ætti að kanna hvort betur færi á því að fjalla um jarðmyndanir og vistkerfi í samræmi við lög um náttúruvernd.

Leiðarval


Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvort ákveðin línuleið henti einnig sem strengleið, þ.e. hvort línan liggur um hraun eða klappir eða önnur svæði sem henta illa til strenglagnar. Ef línuleið er ekki talin henta sem strengleið ætti að fjalla sérstaklega um þá möguleika sem fyrir hendi eru til að leggja jarðstreng án þess að ávinningu sem næst varðandi minni sjónræn áhrif glatist ekki vegna aukins rasks t.d. í hrauni eða bergi.


Þar sem ráðgert er að leggja nýja línu samhliða eldri línu mætti kanna hvort unnt væri að leggja eldri og minni línu í jörð til að draga úr sjónrænum áhrifum línanna. Áður þyrfti að kanna hvort línuleiðin henti til strenglagnar og hvort aðrar leiðir komi til greina.

Umhverfisstofnun telur að Landsnet ætti að kanna hvort unnt verði að haga lagningu háspennulína og jarðstrengja á Íslandi á svipaðan hátt og gert er í Danmörku, þar sem skilgreint hefur verið á hvaða svæðum æskilegt sé að leggja jarðstrengi utan aðalflutningslína rafkerfisins.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við matslýsingu.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur